



Viðtakandi: Menningarráð Reykjavíkur
Sendandi: Skrifstofustjóri menningarmála

Reykjavík, 25. ágúst 2026

MINNISBLAÐ

Framtíðarhúsnæði Tónlistarþróunarmiðstöðvar – Grensásvegur 8

Brýnt er að tryggja tónlistarfólki áframhaldandi æfingaaðstöðu eftir lokun Tónlistarþróunarmiðstöðvar (TÞM) að Hólmaslóð 2. Nýuppgert húsnæði á Grensásvegi 8 getur komið til móts við þessa þörf og jafnframt hýst minni tónleika, fræðslu og samnýtta starfsemi TÞM, LÆTI/Stelpur rokka! og annarra menningarverkefna.

Lagt er til að hafnar verði formlegar viðræður um húsnæðið og að samhliða verði gerð tæknileg og leyfisleg úttekt ásamt uppfærðu kostnaðar-, fjármögnunar- og rekstrarmati.

Tilefni og bakgrunnur

Brýnt er að tryggja samfellu í æfingaaðstöðu fyrir tónlistarfólk eftir lokun Tónlistarþróunarmiðstöðvar að Hólmaslóð 2. Leigusamningur um húsnæðið rann út 1. júní sl. og var starfseminni þar lokað í kjölfarið.

Frá stofnun árið 2003 hefur TÞM verið ein af mikilvægustu stoðum grasrótarstarfs í tónlist í Reykjavík. Þar hafa þúsundir tónlistarfólks og hljómsveita haft aðgang að aðstöðu til æfinga, fræðslu og tónleikahalds. Starfsemi TÞM hefur sömuleiðis haft félagslegt og forvarnarlegt gildi með því að veita ungu tónlistarfólki örugga og viðráðanlega aðstöðu.

Húsnæðið að Hólmaslóð 2 var um 1.200 fermetrar og hentaði vel til æfingastarfsemi, meðal annars vegna staðsetningar í iðnaðarhverfi, hæfilegrar fjarlægðar frá íbúabyggð og góðs aðgengis almenningssamgangna. Um 30 hljómsveitir nýttu aðstöðuna í senn og við lokun starfseminnar voru um 25 hljómsveitir á biðlista eftir æfingarármi. Lokunin hefur því veruleg áhrif á aðgengi tónlistarfólks að nauðsynlegri starfsaðstöðu.

Framboð á hagkvæmum æfingarrýmum í Reykjavík er takmarkað. Til að Reykjavík geti staðið undir nafni sem öflug alþjóðleg tónlistar- og menningarborg þarf að tryggja tónlistar- og listafólki aðgang að hentugu húsnæði á viðráðanlegum kjörum og koma í veg fyrir frekara rof á þeirri innviða- og stuðningsstarfsemi sem byggst hefur upp á undanförunum árum.

Árlegt framlag Reykjavíkurborgar til TÞM var 32,8 m.kr. Framlag eignasjóðs var 26,8 m.kr. og rekstrarsamningur menningar- og íþróttasviðs var 6. m.kr.



Grensásvegur 8

Nýuppgert húsnæði að Grensásvegi 8 hentar vel fyrir æfingaaðstöðu og býður jafnframt upp á samnýtt tónlistar- og menningarrými á jarðhæð með sér inngangi. Húsnæðið er um 1.000 fermetrar og almenningssamgöngur eru góðar.

Þar mætti koma fyrir:

- æfingaaðstöðu fyrir tónlistarfólk og hljómsveitir,
- rými fyrir minni tónleika og menningarviðburði,
- aðstöðu fyrir námskeið, fræðslu og þróunarverkefni,
- sameiginlegri aðstöðu fyrir tónlistar- og menningarverkefni.

Mögulegt væri að samnýta húsnæðið með öðrum verkefnum sem njóta stuðnings Reykjavíkurborgar, svo sem LÆTI/Stelpur rokka! og aðra menningaraðila sem vantar húsnæði eftir því sem starfsemin þróast.

Með slíkri samnýtingu gæti myndast tónlistar- og menningarklasi í hjarta borgarinnar.

Listrými og innviðir menningarlífsins

Aðgengileg og viðráðanleg listrými eru ein af grunnstoðum öflugs og fjölbreytts menningarlífs. Slík rými skapa listafólki svigrúm til sköpunar, æfinga og tilrauna og gera því kleift að þróa hugmyndir sínar í fullmótuð verkefni og faglega starfsemi.

Langtímaaðgangur að hentugu húsnæði eykur stöðugleika, auðveldar samstarf og gerir listafólki kleift að byggja upp þekkingu, tengsl og sjálfbærar starfsferil. Samnýtt listrými styrkja jafnframt grasrótina, stuðla að nýsköpun og fjölbreytni og skapa umhverfi þar sem reyndir og yngri listamenn geta miðlað þekkingu og sótt stuðning hver til annars.

Rýmið að Grensásvegi 8 gæti þannig orðið mikilvægur hluti af menningarinnviðum Reykjavíkur og skapað samfellu í starfsþróun tónlistarfólks, allt frá fyrstu skrefum til faglegrar starfsemi. Fjárfesting í slíku húsnæði er því ekki aðeins stuðningur við einstök verkefni heldur langtímafjárfesting í tónlistarlífi, menningarlegum fjölbreytileika og menningarlegum auð borgarinnar.

Samræmi við menningarstefnu

Hugmyndin um tónlistar eða menningar klasa styður markmið menningarstefnu borgarinnar, *List og menning í Reykjavík 2030* um bætt starfsumhverfi listafólks, aukið framboð listrýma og sjálfbæra samnýtingu menningarhúsnæðis.

Í stefnunni er lögð áhersla á að Reykjavík sé borg þar sem listafólki þykir gott að búa og starfa, að menning og listir séu hluti af daglegu lífi borgarbúa og að aðgengi að menningu sé tryggt með fjölbreyttum hætti.



Reykjavík



Tillaga að næstu skrefum

1. Fela menningar- og íþróttasviði, í samstarfi við eignasvið, að hefja formlegar viðræður um leigu eða afnot af húsnæðinu að Grensásvegi 8.
2. Láta fara fram tæknilega og leyfislega úttekt á húsnæðinu, meðal annars með tilliti til skipulags, hljóðvistar, brunavarna, aðgengis og nauðsynlegra framkvæmda.
3. Vinna uppfært kostnaðar-, fjármögnunar- og rekstrarmat ásamt áætlun um mögulega samnýtingu TþM, LÆTI/Stelpur rokka! og annarra tónlistar- og menningarverkefna.

Virðingarfyllst,
Arnfríður Sólrún Valdimarsdóttir
Skrifstofustjóri menningarmála



Reykjavík